



Fyrsti stjórnarfundur landsstjórnar DKG 2025-2027 var haldinn á Teams fimmtudaginn 10. júlí kl. 16:00-16:55

Mættar voru: Hrund Logadóttir landsforseti, Hólmfríður Árnadóttir 2. varaforseti, Sigríður Heiða Bragadóttir meðstjórnandi og Ingileif Ástvaldsdóttir ritari.
Vilborg Ása Bjarnadóttir, 1. varaforseti boðaði forföll.

Dagskrá

1. Fundarkonur kynna sig
2. Tilnefningar í nefndir
3. Framkvæmdaráðsfundur 30 ágúst nk.
4. Fundartímar stjórnar
5. Ferðir framundan til Brighton og New Orleans
6. Önnur mál

Fundargerð

1. Fundarkonur kynna sig

Stjórnarkonur fóru hringinn og kynntu sig.

2. Tilnefningar í nefndir

Forseti sagði frá því að kjósa þyrfti í eftirtalдар nefndir. Í hverri þeirra starfa þrjár konur.

- Menntamálanefnd
- Félags- og útbreiðslunefnd
- Laganefnd
- Samskipta- og útgáfunefnd
- Námsstyrkjanefnd

Hólmfríður á sæti í í menntamálanefnd og Sigríður Heiða í félags- og útbreiðslunefnd. Forseti óskaði eftir því að þær könnuðu í þeim nefndum hverjar nefndarkvenna ætla að starfa áfram og hverjar ætla ekki að sitja áfram í þeim nefndum. Einnig óskaði hún eftir því að þær bæðu nefndarkonur um að velja fyrir sér hvaða konur gætu komið í stað þeirra sem hyggjast hætta í nefndunum. Sjálf mun hún senda formönnum annarra nefnda tölvupóst þar sem hún kannar það sama.

3. Framkvæmdaráðsfundur 30. ágúst nk.

Áformað er að halda árlegan fund framkvæmdastjórnar í Háskólanum í Reykjavík þann 30. ágúst n.k. Þar verður m.a. framkvæmdaáætlun stjórnar til næstu tveggja ára kynnt og lögð fram til samþykktar. Forseti fór yfir það sem hefur verið á dagskrá framkvæmdaráðsfundar undanfarin ár og velti því upp hvað gæti verið gagnlegt fyrir núverandi formenn deilda að fá fræðslu um

og/eða ræða við aðra formenn og stjórn. Rætt um hvað væri mögulegt að setja sem áherslu landssambandsstjórnar á komandi tveimur árum. Ákveðið að ræða það nánar á fundinum í ágúst. Forseti leggur til að hún geri drög að áætlun stjórnar til næstu tveggja ára og að stjórnarkonur vinni hana svo saman í framhaldinu.

Forseti óskaði eftir því við stjórnarkonur að fyrir næsta fund hefðu þær kynnt sér vel [Langtímaáætlun DKG á Íslandi um þróun samtakanna til næstu 10 ára](#). Sú áætlun var unnin veturinn 2020-2021 og er að finna á vef samtakanna. Þessa áætlun auk könnunar sem gerð var af fráfari stjórn er hægt að hafa til hliðsjónar við gerð framkvæmdaáætlunar stjórnar næstu tvö árin. Rætt um veitingar á fundi framkvæmdaráðs og hvaðan þær muni koma. Hrund tók að sér að vera í sambandi þær sem sáu um fundinn á síðasta ári og upplýsa stjórn á næsta fundi.

4. Fundartímar stjórnar

Að jafnaði hefur landsstjórn DKG fundað einu sinni í mánuði. Samþykkt að miða við sama fyrirkomulag á þessu kjörtímabili. Ákveðið að funda á eftirtöldum dagsetningum fram að jólum og að miða við að fundirnir verði haldnir á Teams. Landsforseti eða ritari í umboði hennar boða til fundanna.

7. og 21. ágúst kl. 16:00 - fundaeftir fundur framkvæmdaráðs sem haldinn verður 30. ágúst

29. september kl. 16:00

20. október kl. 16:00

17. nóvember kl. 16:00

Ákveðið að halda því opnu hvort fundað verði í desember.

5. Ferðir fram undan til Brighton og New Orleans

Úr stjórn fara Hrund og Vilborg Ása á Evrópu-ráðstefnu samtakanna sem verður haldin í Brighton ásamt 13 öðrum DKG konum. Ráðstefnan er haldin 18.-20. júlí og Bryndís Jóna Jónsdóttir verður meðal aðalfyrirlesara.

Fimm konur úr stjórn landssambandsins fara á alþjóðaráðstefnu samtakanna í New Orleans sem haldin verður 29. júlí til 1. ágúst n.k.

6. Önnur mál

Rætt um fyrirkomulag á skráningu og birtingu fundagerða. Ákveðið að Ingileif sendi þær í tölvupósti til stjórnar til samþykktar. Eftir það sendi hún þær til vefstjóra Eyglóar Björnsdóttur sem sér um að birta þær á vef stjórnar.

Einnig var ákveðið að allar fundargerðir núverandi stjórnar yrðu skráðar í sama skjal með einum hlekk. Nýjasta fundargerðin yrði alltaf skráð efst í það skjal. Þannig verður auðvelt fyrir stjórn að glöggva sig á efni fundanna þegar fram í sækir. Hlekkurinn á skjalið verður einnig settur inn á Facebook hóp stjórnar - [Rauðar rósir 2025-2027](#).

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 16:55

Fundargerð skráði *Ingileif Ástvaldsdóttir*, ritari stjórnar 2025-2027